

# Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

15. október 2019 kl. 8:10

## Mættir voru:

Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theodór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Pétur Örn Magnússon, fulltrúi foreldra, Hulda María Sveinbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Ragnhildur Helgadóttir, fulltrúi foreldra.

Fjarverandi: Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fundarritari: Sigrún Brynjólfssdóttir deildarstjóri.

## 1. Starfsáætlun skólans

María kynnti starfsáætlun skólans, innihald hennar og uppbyggingu sem og annað sem viðkemur starfsemi skólans.

María óskaði eftir athugasemdum.

Ragnhildur gerði athugasemd við textann um foreldrafélagið sem hún telur að eigi heima undir foreldrasamstarf. Hún er búin að senda tillögur um breytingar á textanum til Guðrúnar Soffíu og fór yfir þær á fundinum. Fundarmenn voru sammála um þessar breytingar. Fram kom sú hugmynd að passa upp á að senda textann á foreldrafélagið árlega og fá athugasemdir.

Fyrirspurn varðandi foreldraviðtöl. Fulltrúum foreldra fannst vanta lokaviðtal í lok skólaárs. Umræða um að það þurfi að finna grundvöll fyrir breyttu fyrirkomulagi. Athugasemd frá Huldu Maríu, fulltrúa nemenda að viðtal í lok skólaárs væri góður kostur. Einnig var umræða meðal fundarmanna að foreldraviðtöl gætu verið valkvæð þ.e.a.s að velja hvenær á skólaárinu foreldrar koma í viðtöl.

Athugasemdir komu fram frá fulltrúum foreldra að það þurfi að bjóða foreldrum meira á opna viðburði, t.d í tengslum við þema. María nefndi að þann 20. nóvember næstkomandi verði sérstök hátíð í skólanum í tengslum við 30 ára afmæli barnasáttmála og hefur komið til tals að hafa opið hús fyrir foreldra. Þann 4.-8. nóvember verður vinavika í skólanum sem verður tengd barnasáttamálanum.

Umræður voru um að umbótaáætlun væri vel unninn. María greinir frá því að matsteymi skólans sé að vinna eftir umbótaáætlun. María greinir frá því að 31. október verði opinn fundur þar sem nemenda,- og foreldrakannanir verði kynntar foreldrum.

Fyrirspurn varðandi hvað er gert fyrir bráðger börn og er áætlun fyrir þau börn. Theodór greinir frá því að börn af miðstigi fái efni frá unglíngastigi sérstaklega í ensku og stærðfræði. María greinir frá því að stoðteymi sé að vinna að áætlun í tengslum við ytra mat og einn partur af því er áætlun fyrir bráðger börn. Tekið er fram á fundi að ávalt sé reynt eftir fremsta megni að mæta þessum nemendum með tilliti til námslegra og félagslegra þátta.

María greinir frá því að skólinn sé að gera átak í að birta fréttir á heimasíðu varðandi skólastarf.

Theodór nefnir að það þurfi líka að leyfa nemendum að gera fréttir um skólastarf og af nemendum.

Fyrirspurn varðandi hvað þurfi til að fá aðstoð fyrir nemendur, jafnvel bara í einu fagi. María fer yfir að byrja þurfi á samtali við umsjónakennarateymi sem ræðir við stoðteymi.

Fyrirspurn varðandi jafnréttisáætlun og hvort sé skoðað í könnun hvernig strákum líðum og stelpum. Það er gert í tengsla,- og líðankönnunum sem teknar eru í nóvember.

## **2. Önnur mál**

Fyrirspurn varðandi hvort næg áhersla á skrifa, lesa og reikna. Umræða að áherslan sé til staðar en skrifaráherslan hafi minnkað. Greint frá því að tímum í upplýsingatækni hafi fjölgað m.a í tölvum til þess t.d að auka við kennslu í fingrasetningu.

Ekki voru önnur mál til umræðu.

Starfsáætlun samþykkt með breytingum í texta um foreldrastarf og undirrituð á fundi.

Fundi slitið kl. 9.13